

Ed.

9. Frumvarp til laga

[9. mál]

um breyting á lögum nr. 82 5. júní 1947, um Matsveina- og veitingaþjónaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Yfirstjórn skólans hefur menntamálaráðuneytið.

Ráðherra skipar til fjögurra ára í senn fimm manna skólanefnd, er hefur á hendi yfirumsjón skólans. Skal nefndin skipuð einum matreiðslumanni, einum framreiðslumanni, einum veitingamanni og einum fiskiskipsmatsveini, og skulu þessir menn skipaðir eftir tilnefningu hlutaðeigandi stéttarsamtaka, en fimmti nefndarmaðurinn án tilnefningar. Ráðherra skipar einn nefndarmannanna formann. Ráðherra skipar skólastjóra og kennara skólans, að fengnum tillögum skólanefndar. Skólastjóri skal jafnframt vera bryti skólans.

Með reglugerð skulu sett nánari ákvæði um starfsemi skólans, kennslutíma, námsefni og kennaralið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 83 8. desember 1952.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hentugra þykir og tilhlýðilegra, að Matsveina- og veitingaþjónaskólinn heyrir undir menntamálaráðuneytið, eins og flestir aðrir skólar, en ekki samgöngumálaráðuneytið eins og verið hefur. Er því lagt til í frumvarpi þessu, að svo verði ákveðið, og er það í samræmi við þá breytingu, sem Alþingi gerði í fyrra á frumvarpi til laga um iðnskóla.